

Heilbrigði húsdýra

Gætið að merkjum um vanlíðan eða óeðlilega hegðun.

Það eru gömul sannindi og ný að það er mikilvægt að fylgjast vel með kúnum og aðgæta hvað gæti verið að þegar menn verða áskynja minnstu breytinga í fari einstakra kúa. Þannig er hægt að grípa fyrir inn í með nauðsynlegar fyrirbyggjandi aðgerðir eða lækningar.

Flestir bændur fylgjast vel með áti kúnna og grípa til viðeigandi aðgerða t.d. þegar nýbærur verða linar við að éta matinn. Ég hef að vísu áhyggjur af því að margir hverjir séu ekki jafn vakandi yfir því að fylgjast með heyáti einstakar gripa þar sem keyrt er inn fóðri til nokkurra daga í senn. Það er alltaf breytileiki milli rúlla og frekustu kýrnar, oft þær nytlægstu, einoka bestu rúlluna í byrjun. Nythæstu kýrnar sem mega við minnstu verða að hluta til útundan. Þær eru því ekki að fá nóg af bestu tuggunni.

Minna er um það að menn séu vakandi yfir breytingum sem snúa að öðru atferli kúnna s.s. göngulagi, legu og jafnvel hvernig þær bera sig eftir vatni. Mig langar að nefna hér nokkur atriði;

- Kýrin skítur og mígur oft
- Stendur yfir miklu landi (framfætur fremst í básnum)
- Stendur eða liggur óeðlilega mikið
- Ef hún liggur mikið, þá hagræðir hún sér sjaldan
- Tiplar mikið og sýnir óöryggi áður en hún legst
- Lengi að leggjast eða standa upp
- Nauðar
- Sullar í vatni
- Veigrar sér við að fara inn í bása þar sem kjarnfóður eða vatn er gefið
- Veigrar sér við að fara fyrir horn, inn um hlið eða inn á svæði þar sem lýsing er daufari eða sýnir önnur einkenni um óöryggi.

Bændur þurfa líka að vera vakandi yfir helti og vera ekki of fljótir að afgreiða slíkt sem beinaveiki eða elli. Regluleg klaufahirða þar sem fylgst er með klaufum kúnna er nauðsynleg í öllum gerðum af fjósum og óháð undirlagi í básunum.

Það má heldur ekki láta það ógert að klippa kýrnar. Það eykur vellíðan þeirra og bætir fóðrun auk þess auðveldar það þrif og bætir loftið í fjósinu.

Höf. Ólafur Jónsson dýralæknir

Staldren þurrstóttreinsiefnið í bása og stíur. Góð og ódýr lausn fyrir reglulega stóttreinsun.

STALDREN hefur hlutlaust sýrustig og tærir því ekki innréttingar og eins þurrkar það ekki húðina.

STALDREN kekkist ekki og verður ekki hált þegar það dregur í sig raka.

STALDREN rykast ekki, þurrkar loftið og bindur í sig ammoniak.

STALDREN minnkar loftraka, dregur þar með úr hættu á loftbornu smiti.

STALDREN er auðvelt í meðhöndlun, þar sem sóttþreinsun fer fram án þess að hús séu tæmd.

STALDREN er eitrefnalaust, ertir ekki húð og er hættulaust mönnum og dýrum.

STALDREN hefur mjög góða bakteríudrepani virkni gegn flestum sjúkdómsvaldandi bakteríum þ.m. E-coli, stafylokokkum og streptokokkum.

STALDREN dregur úr flugnaplágu, þar sem það drepur lirfurnar. Gott er að byrja síðla vetrar með að hreinsa þverbíta í flórgrindum og eins út við vegg, í hornum og gluggakistum og strá Staldren . Mikilvægt er að byrja snemma áður en flugan lifnar til.

Notkun:

Nauðsynlegt er að hreinsa í byrjun raufir í mottunum og skafa sem mest undan þeim stöðum sem motturnar eru lausar. Ekki þarf að spúla motturnar, einungis skafa þær og kústa vel á eftir. Síðan er efninu dreift, daglega í viku, vel aftast í básinn og eins undir motturnar þar sem þær eru lausar (sparið ekki). Síðan er fullum hnefa dreift tvisvar til þrisvar sinnum í viku aftast í básinn og eins á raka staði í básnum. Gott er að dreifa oftast undir kýr sem eru alltaf með blauta bása og eða júgurbólgu.

Þumal fingurreglan er að efnið er virkt svo lengi sem ljósrauður litur sést. Um 100 gr fara á m2.

Í kálfastíur : Hreinsið vikulega vel skítinn út við veggina og eins í hornum og dreifið síðan Staldren. Ekki er nauðsynlegt að dreifa efninu í miðja stíuna.

STALDREN fæst í 10 og 25 kg sekkjum. Efnið hefur nánast ótakmarkað geymsluþol ef það er geymt á þurrum stað og sekkjum lokað.

Höf. Ólafur Jónsson dýralæknir